



Reykjavík, 31. mars 2020

## Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir undanþágu frá tilboðsskyldu í Eimskipafélag Íslands hf.

Hinn 10. mars 2020 birti Eimskipafélag Íslands hf. (Eimskip) opinberlega tilkynningu frá Samherja Holding ehf. í tilefni af flöggunartilkynningu félagsins í Eimskip. Í tilkynningunni kom m.a. fram að Samherji Holding ehf. hefði aukið hlut sinn í Eimskip um 3,05% í 30,11% og myndi, innan fjögurra vikna, gera öðrum hluthöfum tilboð svo sem lög áskildu.

Þann 20. mars 2020 barst Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) beiðni frá Samherja Holding ehf. á grundvelli 5. mgr. 100. gr. vvl. um undanþágu frá tilboðsskyldu. Beiðnin barst innan þess tímafrests sem áskilinn er í 5. mgr. 100. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að veita Samherja Holding ehf. undanþágu frá tilboðsskyldu skv. 5. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (vvl.).

Við ákvörðun um veitingu undanþágunnar var horft sérstaklega til verndarhagsmuna yfirtökureglina verðbréfaviðskiptalaga, en reglum um yfirtöku er ætlað það meginhlutverk að vernda hagsmuni minnihluta eiganda í félögum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði við þær aðstæður að aðili, einn eða í samstarfi við aðra, öðlast ráðandi hlut í því. Í málínu telur Fjármálaeftirlitið að verndarhagsmunir yfirtökureglina verðbréfaviðskiptalaga séu tryggðir og að með veitingu á undanþágu frá tilboðsskyldu sé, eins og atvikum er háttáð í málínu, ekki gengið á minnihlutavernd annarra hluthafa.

Við ákvörðunina var jafnframt tekið mið af eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið telur það afdráttarlaust skilyrði undanþágu á grundvelli 5. mgr. 100. gr. vvl. að atkvæðisrétti hafi ekki verið beitt eftir að yfirtökumörkum er náð. Samherji Holding ehf. hefur ekki nýtt atkvæðisrétt sinn í Eimskipafélagi Íslands hf. eftir að félagið fór umfram yfirtökumörk.

Við mat á því hvort heimild til undanþágu verði veitt hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að aðili sem orðið hefur tilboðsskyldur hafi ekki farið meira en 3% umfram yfirtökumörk. Samherji Holding ehf. fór 0,11% umfram yfirtökumörk. Þá hefur Samherji Holding ehf. þegar selt sig undir umframmörk yfirtökuskyldu skv. 1.tl. 1. mgr. 100. gr. vvl.. sbr. flöggunartilkynningu sem birtist opinberlega 23. mars 2020.

Þá er það mat Fjármálaeftirlitsins að núverandi aðstæður á fjármálamarkaði vegna COVID-19 séu til þess fallnar að skilyrði 5. mgr. 100. gr. vvl. um sérstakar ástæður séu uppfyllt.